

ÞÍÓ

302 tbl. mars 2019

MYNDIR

mánaðarins



 DREAMWORKS

AD TEMJA

DREKANN


SINN 3

FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

Er komin í **Sjónvarp Símans** appið!



NÁÐU Í APPIÐ
TIL AÐ HORFA

Útgefið í mars

DVD og BluRay

1.3.	Halloween	Myndform	Tryllir	16 ára	10
7.3.	Bohemian Rhapsody	Sena	Sannsóleglegt	12 ára	14
28.3.	Second Act	Myndform	Gamanmynd	Leyfð	27

VOD

1.3.	Madame	Myndform	Gamandrama	12 ára	12
1.3.	Heavy Trip	Myndform	Gamanmynd	12 ára	13
1.3.	Mía og ég	Myndform	Barnaefni	Leyfð	13
7.3.	Bohemian Rhapsody	S & V	Sannsóleglegt	12 ára	14
8.3.	The Sisters Brothers	Myndform	Vestri/sv. húmor	16 ára	16
8.3.	Leatherface	Myndform	Tryllir	16 ára	17
8.3.	Alvinnn!!! og íkornarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	17
14.3.	Skýrsla 64	Sena	Sakamálasaga	16 ára	18
14.3.	The Happy Prince	Sena	Sannsóleglegt	12 ára	18
14.3.	The Nutcracker and the Four Realms	S & V	Ævintýri	9 ára	19
14.3.	Wildlife	Sena	Drama	12 ára	17
15.3.	Like Crazy (La pazza gioia)	Myndform	Gamandrama	6 ára	20
15.3.	Sorry to Bother You	Myndform	Gamanmynd	16 ára	20
15.3.	Blood Money	Myndform	Spennmynd	16 ára	21
15.3.	Billi Blikk	Myndform	Barnaefni	Leyfð	21
21.3.	The Oath	Sena	Gamanmynd	16 ára	22
21.3.	The Possession of Hannah Grace	Sena	Hrollvekja	16 ára	22
22.3.	The Leisure Seeker	Myndform	Gamandrama	6 ára	23
22.3.	Oggy og kakkalakkarnir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
22.3.	Who We Are Now	Myndform	Drama	9 ára	24
25.3.	Fantastic Beasts: The Crimes of ...	S & V	Ævintýri	9 ára	25
28.3.	Widows	S & V	Spennudrama	16 ára	26
28.3.	Second Act	Myndform	Gamanmynd	Leyfð	27
28.3.	El pacto	Sena	Tryllir	16 ára	28
29.3.	An Evening with Beverly Luff Linn	Myndform	Gamanmynd	12 ára	29
29.3.	Tappi mús	Myndform	Barnaefni	Leyfð	29

Tölvuleikir

8.3.	Devil May Cry 5	Sena	Hasarleikur	18+	32
22.3.	Sekiro: Shadows Die Twice	Sena	Hasar/hlutv.leikur	18+	33



MYNDIR MÁNAÐARINS

302. tbl. mars 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson


Pröfórk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök




28. mars



DVD OG VOD Í MARS

MYNDFORM




DOMINOS.IS DOMINO'S APP

GREIDDU FYRIRFRAM

MEÐ APPINU EÐA Á NETINU!

Þú getur flýtt fyrir og einfaldað pöntunarferlið með því að nota appið og vefinn. Þar getur þú pantað, greitt fyrirfram og fylgst með pöntuninni.



Stjörnuspá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Það verður frekar lítið um að vera hjá þér á næstu vikurnar fyrir utan að einhver býður þér út að borða. Það er að öllum líkindum gildra. Lestu þér til um aðstæður í uppsveitum Austurríkis.



Tvívurarnir 21. maí - 21. júní

Vitneskja þín um veröldina eykst til muna þegar einhver upplýsir þig um að til að geta framleitt eitt kíló af harðfiski þarf tólf kíló af ferskum fiski og að þess vegna sé harðfiskur svona dýr.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Ef þér finnst lífið hvorki sanngjarnt né réttlátt er gott að hafa í huga að ef þú skerð endana af langlokubrauði getur þú borðað það endalaust. Dugar ekki á pulsar en getur prófað þetta á lakkrís.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Það verður mjög mikið um að vera hjá þér á næstu vikum, svo mikið reyndar að það kemst ekki allt fyrir hér þannig að við settum spána þína upp á netinu. Lestu hana á bit.ly/stjornuspa.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Ástæðan fyrir því að þú ert alltaf að glíma við sömu vandamálin er að þú leysir þau aldrei í eitt skipti fyrir öll. Samkvæmt stjörnunum eru góðar líkur á því að þú skreppir í silung í sumar.



Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Þér berast nokkur Nígíeríubríf.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Það verður meðalmikið um að vera hjá þér á næstunni eða meðallítið, allt eftir því hvernig þú horfir á hlutina. Það væri gaman og gott fyrir alla ef þú reyndir á næstunni að komast til Hong Kong.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Þú átt það til að detta í sjálfsvorkunn og volæði og þarft að læra að rétta ráðið við því er að vera ekki með nefið ofan í annarra manna koppum. Kaupu þér eitthvað hressandi, t.d. lambalæri.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Það verður uppi fótur og fit þegar þú skreppur að gefa öndunum á sunnudaginn, sennilega í hádeginu. Taktu allt í gegn heima hjá þér og mundu eftir að hreinsa úr eyrunum í leiðinni.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Það er bæði hollt og heilsusamlegt að drekka vatn og hjóla þannig að þú ættir að gera mikið af því á næstunni. Einhver býður þér í fermingarveislu en maturinn verður bara svona la la.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Fólk sem er fætt í meyjarmerkinu er sennilega vanmetnasta fólk í heimi og um leið það misskildasta. Þessu gætir þú snúið við með því að tala hreint út um löngun þína til að læra netagerð.



Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Forðastu allt gjálfi á næstunni svo þú lendir ekki í því sama og Halli lenti í um árið þegar hann missti kúlið. Þú spáir í hvers vegna letrið hefur minnkað skyndilega og uppgötvur að það er vegna þess að annars kæmist allur þessi texti ekki fyrir.

Minningar mánaðarins



Jamie og Christopher árið 1984.



Þessi mynd var svo tekin í fyrra.



Toni Collette.



Rami og Sami Malek.

Hjónin Jamie Lee Curtis og Christopher Guest fagna 35 ára brúðkaupsafmæli sínu á þessu ári en þau gengu í það heilaga í desember 1984. Sex mánuðum áður hafði Jamie verið að fletta tímaritinu Rolling Stone þegar hún sá ljósmynd af Christopher í tengslum við grein um glænýja mynd Robs Reiner, *This is Spinal Tap*, sem frumsýnd var í maí sama ár. Jamie sagði strax við vinkonu sína, framleiðandann Debru Hill: „Þessi maður, Christopher Guest, ég mun giftast honum“.

Daginn eftir hafði Jamie uppi á umboðsmanni Christophers og gaf honum upp símanúmerið sitt með beiðni um að Christopher hringdi í sig. Hann hringdi ekki.

Tveir mánuðir liðu og Jamie var stödd ásamt Debru á veitingastað í Hollywood þegar Christopher gekk inn ásamt kunningja sínum og settist við þriðja borð frá þeim Debru. Augu þeirra mættust og Christopher veifaði. Jamie vissi þá fyrir vísit að hann hafði fengið skilaboðin þótt hann hefði svo ekki hringt... og veifaði til baka.

Jamie og Christopher töluðu ekki saman á veitingastaðnum en daginn eftir hringdi hann í hana og daginn eftir það fóru þau saman út að borða í fyrsta sinn. Tveimur mánuðum síðar bað Christopher hennar og tveimur mánuðum eftir það gengu þau í hjónaband. Jamie vissi því heldur betur hvað hún var að segja þegar hún sá fyrst myndina af Christopher með greininni í Rolling Stone. Þess má geta að þau hjón eiga tvö börn, Annie og Thomas, sem þau ættleiddu árin 1986 og 1996.

Fyrir 25 árum höfðu fáir utan Ástralíu heyrt leikkonunnar Toni Collette getið enda hafði hún þá bara leikið lítið aukahlutverk í einni ástralskri mynd (*Spotswood*) og enn smærri hlutverk í einum þætti ástralskrar sápuóperu sem hét *A Country Practice*. Þetta átti eftir að breytast snarlega seinna á árinu 1994 þegar gamandramað *Muriel's Wedding* eftir P.J. Hogan var frumsýnt og sló hressilega í gegn beggja vegna Atlantshafsins, þ. á m. hér á Íslandi þar sem myndin fékk metaðsókn og er enn í miklu upphaldi hjá þeim sem sáu hana þá í bíó. Síðan þá hefur Toni leikið í mörgum góðum myndum eins og allir vita og verið hlaðin verðlaunum enda ein af þessum leikkonum sem klicka aldrei, sama í hvaða hlutverki hún er.



Í *Muriel's Wedding* árið 1994.



Greinin og myndin í Rolling Stone.

Rami Malek, sem nú er orðinn stórstjarna eftir frammistöðu sína sem Freddie Mercury í *Bohemian Rhapsody*, er fæddur í Bandaríkjunum en foreldrar hans voru innflytjendur frá Egyptalandi. Rami er eineggja tvíburi en bróðir hans, sem heitir Sami Malek, fæddist fjórum mínútum á eftir honum og því telst Rami „stóri bróðirinn“ í fjölskyldunni.



Núna í mars verða liðin 20 ár síðan meistaraverkið *The Matrix* eftir Wachowski-bræður (sem nú eru orðnar systur) var frumsýnt, en *The Matrix* er að margra mati ein besta bíómynd allra tíma og sópaði hún m.a. til sín nánast öllum tækni- og hljóðbrelluverðlaunum sem hægt var að fá á þeim tíma.

Dolmio®
Bolognese.
Full krukka
af safaríkum
tómötum.





Við höfum ekki beðið um skilnað.
- *Jamie Lee Curtis, spurð hvaða leyndardómur liggja að baki því að hjónaband hennar og Christophers Guest hafi enst í 35 ár.*




Fólk heldur eðlilega að „Óháður“ kvikmyndagerðarmaður sé engum háður. Þetta er ekki alveg rétt. Maður er alltaf háður þeim sem fjármagna myndina. „Óháður“ þýðir hins vegar að þeir sem útvega fjármagnið geta ekki tekið yfir eða breytt mynd kvikmyndagerðarmannsins á nokkurn hátt án hans samþykkis. Um það semja stóru fyrirtækin ekki.
- *David Gordon Green.*



Hún á það til að sýna allar gerðir tilfinninga á sömu fimm mínútnum. Draumur allra leikara.
- *Olivia Colman, um persónuna sem hún leikur í The Favourite, Önnu Englandsdrottningu.*



Hvergi. Ég hata að fara í verslanir, finnst fátt leiðinlegra en að versla.
- *Rachel Weisz, spurð hvar hún versli helst.*




Þetta er reyndar stolin myndlíking frá Ryan Gosling en ... þú veist ... þú ert að gera eitthvað, dunda þér við eitthvað heima eða einhvers staðar úti að keyra og ert með útvarpið á. Mörg lög fara inn um annað en út um hitt ... en svo kemur allt í einu lag sem maður hefur ekki heyrt áður og nær athygli manns ... fær mann til að sperra eyrun. Svo hækkar maður. Svo finnur maður út hvaða lag þetta er og hlustar á það aftur. Og aftur. Ég er alltaf að leita að nákvæmlega þessu þegar ég les handrit. Einhverju í aðstæðunum eða persónunum sem grípur svona í mig. Ef það gerist þá kviknar áhuginn.
- *Emma Stone, spurð hvers konar hlutverk heilli hana helst.*




Þeir eru handan við það að vera fagaðir herramenn. Um leið eru þeir heilsteyptustu manneskjur sem ég hef kynnst. Það skipti þá öllu að mér tækist að túlka besta vin þeirra eins vel og hægt var.
- *Rami Malek, að tala um þá Brian May og Roger Taylor.*



Við Kanadamenn erum svona mitt á milli alls sem er og eiginlega ekkert í sjálfu sér. Við erum ekki enskir, ekki franskir, ekki amerískir ... heldur einhvers staðar þarna mitt á milli ... og í engu sérstakir. Ef við værum grænmeti þá værum við selleri.
- *Mike Myers.*



Ég notaði aldrei Christopher-millinafnið. Var bara John Reilly. Svo þegar ég var að leika í *Casualties of War* fékk ég bréf frá stéttarfélaginu og var beðinn að nota millinafnið til að forðast rugling því það væru svo margir John Reillyar í bransanum. Þeir féllust á að ég notaði bara C-ið. Síðan hef ég verið John C. Reilly.
- *John C. Reilly.*



Það langbesta við að eldast er að atvinnuleysi verður skemmtilegra og skemmtilegra.
- *Rupert Everett.*




Ég hef unnið með mörgum göðum leikstjórum en að öllum öðrum ólöstuðum þá eru Coenbræður mestu fagmennirnir sem ég hef kynnst. Þeir vissu alltaf nákvæmlega hvað þeir voru að gera og það voru aldrei neinar efasemdir eða breytingar á neinu sem hafði verið ákveðið. Svo eru þeir svo fljótir að vinna tökurnar. Ég var alltaf komin heim kl. 5.
- *Carey Mulligan sem lék m.a. í myndinni Inside Llewyn Davis.*



Ég græt oft og mikið. Vel gerð líftryggingaauðglýsing kostar mig oftast hálfan kassa af Kleenex.
- *Ike Barinholtz.*



Síðasta gagnrýni sem ég las birtist árið 1975. Þá skrifaði Pauline Kael um leik minn í *The Day of the Locust*: „Það var ekkert sérstakt sem var rangt við leik Donalds Sutherland, hann var bara að öllu leyti skelfilegur.“ Ég hef ekki lesið gagnrýni síðan.
- *Donald Sutherland.*



Ég held ég hafi séð allar myndir með Gwyneth Paltrow, Winonu Ryder og Kirsten Dunst. Svarar það ekki spurningunni?
- *Emma Roberts, spurð hvaða leikkonur hafi haft mest áhrif á hana.*



London er uppáhaldsborgin mín. Fyrir utan að þar býr fólk frá öllum löndum veraldar drýpur mannkynssagan af nánast öllu sem þú sérð þar. Hvert einasta hús virðist búa yfir leyndarmáli.
- *Alison Sudol, sem lagði stund á sagnfræði þegar hún var í skóla.*



Sumir segja að leikarar setji upp grímu þegar þeir leika. Þessu er ég algerlega ósammála því fyrir mér felst leikur einmitt í því að taka grímuna niður.
- *Viola Davis.*



ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®



Halloween

Tryllir



Aðalhlutverk: Jamie Lee Curtis, Nick Castle, Judy Greer, Will Patton, Andi Matichak, Rhian Rees, Toby Huss, James Jude Courtney og Jefferson Hall **Leikstjórn:** David Gordon Green
Útgefandi: Myndform


1. mars



Rhian Rees leikur Dönu sem gæti endað í klóm Michaels Myers.

Veistu svarið?

Fyrsta *Halloween*-myndin 1978 vakti mikla athygli á sínum tíma, en hún var þriðja mynd leikstjórans John Carpenters sem hafði þá sent frá sér myndina *Dark Star* og svo mynd árið 1976 sem mörgum þótti ein magnaðasta mynd þess árs. Hvaða mynd?



Assault on Precinct 13

Fjörutíu árum síðar ...

Fjörutíu árum eftir að Michael Myers myrta þrjá á hrekkjavökunni snýr hann aftur til að ljúka verkinu. En í þetta sinn er Laurie Stroder, sem slapp naumlega undan honum árið 1978, tilbúin.

Myndin *Halloween* sem John Carpenter sendi frá sér árið 1978 er af mörgum talin einn besti tryllir allra tíma. Í þessari nýju mynd eftir David Gordon Green sem kemur út á DVD 1. mars er gert ráð fyrir að engar framhaldsmyndir hafi verið gerðar og er sagan hér því beint framhald af fyrstu myndinni ... fyrir utan að fjörutíu ár hafa liðið frá atburðunum í henni. En Michael Myers hefur engu gleymt heldur ...



Jamie Lee Curtis leikur á ný Laurie Stroder sem er við öllu búin en vonar að þetta verði í síðasta sinn sem hún þarf að takast á við Michael Myers.

Punktar

★★★★½ - *Playlist* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *Globe & Mail* ★★★★★ - *The Film Stage* ★★★★★ - *Entertainment Weekly* ★★★★★ - *Seattle Times* ★★★★★ - *The Hollywood Reporter* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *Time Out*

- *Halloween* er æsispennandi mynd frá upphafi til enda og hefur hlotið afar góða dóma flestra áhorfenda og gagnrýnenda, ekki síst þeirra sem fylgst hafa með *Halloween*-myndunum frá upphafi.
- Michael Myers er í þetta sinn leikinn af tveimur mönnum, annars vegar af James Jude Courtney og hins vegar af Nick Castle sem lék hann í upphaflegu myndinni 1978. Áhorfendur munu átta sig á hvers vegna þessi háttur var hafður á þegar þeir sjá myndina.
- John Carpenter, skapari Michaels Myers og *Halloween*-myndanna, er einn af framleiðendum þessarar myndar auk þess sem hann samdi tónlistina ásamt syni sínum Cody og Daniel A. Davies.



Hinn morðóði Michael Myers er staðráðinn í að ganga frá Laurie dauðri.

TAKTU PÅGEN SNÚÐAÞOKA MEÐ ÞÉR Í VETRARFRÍÐ



TAKTU ÞÁTT
Í EINFÖLDUM FACEBOOK LEIK
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
PÅGEN SNJÓÞOTU

www.facebook.com/pagenisland

Prófaðu nýju Pågen smásnúðana
með dásamlegri epla- eða
vanillufyllingu.

-alltaf
mjúkir
og góðir





Ástin spyr engan um leyfi

Hjónin Anne og Bob eru auðugt hástéttarfolk sem er nýflutt frá Bandaríkjunum til Parísar þar sem þau hafa keypt sér glæsilegt hús í besta og rómantískasta hverfinu. En Anne er líka hjátrúarfull og þegar hún uppgötvar að gestirnir í innflutningsmatarboðinu eru þrettán talsins ákveður hún að fá eina af þjónustustúlkunum, Mariu, til að þykjast vera fjórtándi gesturinn.

Hér er á ferðinni skondið gamandrama með rómantískri fléttu sem margir áhorfendur munu kunna að meta. Það að dubba Mariu upp sem auðuga hástéttarkonu og sem fjórtánda gestinn á nefnilega eftir að hafa þær afleiðingar að einn af karlkynsgestunum í matarboðinu, David Morgan, verður afar hrifinn af henni. Það var nokkuð sem þau Anne og Bob gerðu ekki ráð fyrir og vilja alls ekki að fari lengra og í gang fer skemmtileg atburðarás þar sem ást og hagsmunir togast á ...

Punktur

- Hin spænska Rossy de Palma sem leikur hér þjónustustúlkuna Mariu sló upphaflega í gegn í myndum Pedros Almodóvar, *Konur á barmi taugaáfalls* og *Bittu mig, elskaðu mig*, og hefur allar götur síðan verið ein vinsælasta og dádasta leikona Spánverja.



Rossy de Palma leikur þjónustustúlkuna Mariu sem fær óvænt tækifæri til að breyta lífi sínu þegar húsbændur hennar fá hana til að þykjast vera mikilsvirta og auðuga hástéttarkonu frá Spáni.

- *Madame* er önnur mynd leikstjórans og handritshöfundarins Amöndu Sthers sem er einnig þekktur rithöfundur enda hefur hún skrifað 11 skáldsögur sem þýddar hafa verið á fjölda tungumála og hlotið ótal verðlaun.



Aðalhl.: Toni Collette, Harvey Keitel, Rossy de Palma og Michael Smiley **Leikstjór:** Amanda Sthers **Útgefandi:** Myndform

Gamandrama

1. mars



Leikarahjónin Kate Mara og Jamie Bell eru miklir hundavinir og að sjálfsgöðu hundaeigendur sem sjást ósjaldan í göngutúrum með þá í Los Angeles. Þessi mynd var tekin þar 18. febrúar.



Á sama tíma voru hjónin Emily Blunt og John Krasinski í New York þar sem þau sóttu verðlaunahátíð handritshöfunda, enda var handritið að *A Quiet Place* tilnefnt sem besta handritið.



Chris Pratt lætur ljósmyndara sem fylgjast með hverju hans skrefi ekki fara mikið í taugarnar á sér og á það til að taka frekar þátt í að þeir nái af honum skemmtilegum myndum.



Til móts við heimsfrægðina

Tori er 25 ára íbúi smábæjarins Taivalkoski í Finnlandi og aðalmaður þunga-rokksbandsins Impaled Rektum sem hefur aldrei spilað opinberlega þótt Tori og félagar hafi æft sig í 12 ár. Þegar norskur umboðsmaður á leið um bæinn og býður þeim að koma fram á fyrirhugaðri þungarokkshátíð í Noregi fer í gang alveg sprenglægleg atburðarás með ófyrirsjáanlegum endi.

Það er óhætt að segja að þeir Tori, sem er söngvari bandsins, gítarleikarinn Lotvonen, bassaleikarinn Pasi og trommarinn Jynnky verði spenntir yfir boðinu því eftir 12 ára æfingar er bandið orðið nokkuð þétt og á áreiðanlega erindi á þungarokkshátíð. Vandamálið er að komast þangað því þeir eru allir staurblankir. Sem betur fer ræður Jynnky yfir sendibíl en ástand hans er þannig að ekki er víst að hann komist alla leið. Til viðbótar bætast við önnur mál, t.d. ástamál Toris sem er yfir sig hrifinn af blómasalanum Miu en allt of feiminn til að segja henni það ...

Punktur

★★★★1/2 - R.Ebert.com ★★★★★ - L.A. Weekly ★★★★★ - H. Reporter

• *Heavy Trip*, sem á frummálinu heitir *Hevi reissu*, er alveg áreiðanlega ein fyndnasta mynd sem Finnar hafa gert enda hefur hún hlotið afar góða dóma og naut mikillar aðsóknar í bíó í heimalandinu. Segja margir að hún sé nokkurs konar *Spinal Tap* Finna og að hún eigi eins og sú mynd örugglega eftir að verða „cult-classic“ þegar fram líða stundir. Þess má þó geta að húmorinn er dálítið sýrður á köflum og sennilega ekki fyrir alla en þeir sem kunna að meta grásvart gaman að hætti Finna munu hlæja sig máttlausa að sumum atriðunum.



Þrjár af fjórum meðlimum Impaled Rektum eru þeir Pasi, Lotvonen og Turo sem þeir Max Ovaska, Samuli Jaskio og Johannes Holopainen leika af mikill innlifun.



Aðalhl.: Johannes Holopainen, Samuli Jaskio og Antti Heikkinen **Leikstj.:** J. Laatio og J. Vidgren **Útg.:** Myndform

Gamanmynd

1. mars



Mía og ég

Komdu með í ævintýralandið Sentópíu

Mía og ég eru tölvuteiknaðir 23 mínútna þættir um hina tólf ára gömlu Míu sem í gegnum gjöf frá föður sínum, sem var uppfinningamaður, getur ferðast inn í álfa- og ævintýralandið Sentópíu þar sem hún breytist sjálf í álfastelpu.



Í Sentópíu búa bæði álfar og margs konar furðudýr svo sem einhyrningar sem Mía tekur miklu ástfóstri við enda skilur hún mál þeirra og þeir hennar. Ásamt þeim og öðrum vinum sínum lendir Mía síðan í margs konar skemmtilegum ævintýrum.



Teiknimyndir um hina 12 ára Míu sem ferðast inn í ævintýralandið Sentópíu **Útgefandi:** Myndform


Barnaefni

1. mars

Saga þeirra, saga hans

Breska hljómsveitin Queen var stofnuð árið 1970 og átti eftir að afla sér heimsfrægðar á næstu fimmtán árum með lögum sem eru fyrir löngu orðin sígild og allir þekkja. Í *Bohemian Rhapsody* er farið yfir feril sveitarinnar allt frá byrjun, með sérstakri áherslu á hlut píanóleikarans, laga- og textahöfundarins og eins besta söngvara allra tíma, Freddie Mercury, sem lést langt um aldur fram árið 1991, aðeins 45 ára að aldri.

Reyndar hefst sagan í myndinni skömmu áður en Queen var stofnuð, þ.e. þegar þeir Brian May og Roger Taylor voru í hljómsveitinni Smile. Freddie Mercury, sem þá var þegar orðinn þekktur á meðal tónlistarmanna í London (var t.d. vinur Davids Bowie frá því áður en hann var frægur), var aðdáandi Smile og kom með þá hugmynd að þeir Brian og Roger stofnuðu saman hljómsveitina Queen. Hápunktur myndarinnar er síðan Live Aid-tónleikarnir í júlí 1985 en frammistaða Queen á þeim hefur síðan margoft verið valin og nefnd besta tónleikaframmistaða rokksveitar fyrr og síðar ...




Bohemian Rhapsody

Sannsögulegt / Tónlist



Aðalhlutverk: Rami Malek, Joseph Mazzello, Gwilym Lee, Ben Hardy, Lucy Boynton, Mike Myers, Aidan Gillen og Tom Hollander
Leikstjórn: Bryan Singer **Útgefendur:** Sena (DVD og BluRay) og Síminn og Vodafone (VOD)

7. mars



Veistu svarið?

Bandaríski leikarinn Rami Malek hefur verið margverðlaunaður fyrir frammistöðu sína í hlutverki Freddie Mercury í *Bohemian Rhapsody*, en hann hafði áður hlotið Emmy-verðlaunin fyrir að leika Elliot Alderson í vinsælum sjónvarpsþáttum. Hvaða?



Mt. Robot



Bohemian Rhapsody var tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðlauna og hlaut þau bæði, fyrir leik Rami Malek í aðalhlutverkinu og sem besta mynd ársins. Rami hlaut líka BAFTA-verðlaunin fyrir frammistöðu sína og kórónaði það með því að hreppa einnig Óskarsverðlaunin.

Punktar

★★★★1/2 - *Film Journal* ★★★★★ - *Film Threat* ★★★★★ - *Screen*
 ★★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Entert. Weekly*
 ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Time* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *R. Stone*

• Í myndinni heyrast að sjálfsögðu mörg af þekktustu lögum Queen, en á meðal þeirra laga sem Freddie Mercury samdi má nefna *Don't Stop Me Now*, *Crazy Little Thing Called Love*, *Bicycle Race*, *Killer Queen*, *Love of My Life*, *We Are the Champions*, *Somebody to Love*, *It's a Hard Life* og mörg fleiri auk titillags myndarinnar, *Bohemian Rhapsody*.



ATVINNUMENNIRNIR OKKAR

HEFST Í MARS Á STÖÐ 2

.....
Þú getur
horft á fyrri
þáttaraðir á
 MARAPON
.....

Þriðja þáttaröð þessara
mögnuðu þátta. Auðunn
Blöndal skyggist inn í líf
fremstu atvinnumanna
þjóðarinnar og heimsækir
þau víðsvegar um heiminn.



Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

Morð er bara vinna

The Sisters Brothers hlaut Silfurljónið á kvikmyndahátíðinni í Fenejum og var tilnefnd til Gullna ljónsins sem besta myndin. Hún hefur enn fremur hlotið góða dóma gagnrýnenda og telja margir áhorfendur hana í flokki bestu mynda ársins 2018.

The Sisters Brothers er kostuleg blanda af vestra og svartri kómédíu en hún gerist á tímum gullæðisins í Kaliforníu um miðja nítjándu öld. Þeir Joaquin Phoenix og John C. Reilly leika bræðurna Charlie og Eli Sisters sem hafa tekið að sér að elta uppi gulleitarmann og efnafræðing (að eigin sögn) að nafni Hermann Warm fyrir mann sem er alltaf kallaður „Commodore“ (Rutger Hauer) og fullyrðir að Hermann þessi hafi stolið af sér fé. Óhætt er að segja að ferð bræðranna og leit þeirra að Hermann verði þyrnum stráð enda kemur í ljós að það eru fleiri en þeir sem vilja hafa hendur í hári hans. Ekki bætir úr skák að Eli, sem langar helst að hætta í þessum bransa og opna verslun, hefur miklar efasemdir um að þessi Commodore hafi verið að segja þeim sannleikann og Charlie er sífellt að detta í það með tilheyrandi hliðarsporum, töfum og alls konar veseni ...



The Sisters Brothers

Vestri / Svartur húmor



Aðalhlutverk: John C. Reilly, Joaquin Phoenix, Jake Gyllenhaal, Riz Ahmed, Rebecca Root, Allison Tolman, Rutger Hauer og Carol Kane
Leikstjórn: Jacques Audiard **Útgefandi:** Myndform

8. mars



Joaquin Phoenix og John C. Reilly leika Sisters-bræðurna Charlie og Eli sem taka að sér að finna og handsama efnafræðinginn og gulleitarmanninn eftirlýsta, Hermann Kermit Warm.

Punktar

- ★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times*
- ★★★★1/2 - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Boston Globe* ★★★★★ - *Slate*
- ★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Rolling Stone*
- ★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Screen Intl.*

• Leikstjóri *The Sisters Brothers* er hinn margverðlaunaði Frakki Jacques Audiard sem gerði m.a. myndirnar *Un prophète*, *Dheepan* og *De rouille et d'os (Ryð og bein)* en hann skrifaði einnig handritið ásamt samstarfsmanni sínum til margra ára, Thomasi Bidegain.



Riz Ahmed og Jake Gyllenhaal í hlutverkum sínum í *The Sisters Brothers*, en þeir leika þá Hermann Kermit Warm og John Morris.



Veistu svarið?

Bandaríski leikarinn Joaquin Phoenix, sem fer eins og reyndar aðrir leikarar í *The Sisters Brothers* á kostum í myndinni, mun næst birtast okkur sem titilpersónan í nýjustu mynd Todds Phillips. Hvað nefnist sú fræga persóna og þar með myndin sjálf?



10/er



Allt byrjar á einhverju

Árið er 1955 og þau Betty Hartman og Ted Hardesty eru í bíltúr uppi í sveit þegar þau aka næstum því á ungan dreng á miðjum veginum. Þau ákveða að huga að drengnum og vita auðvitað ekki að þar er kominn Jedidiah Sawyer sem á síðar eftir að verða þekktur sem morðinginn Leatherface.

Flestir kvikmyndaunnendur kannast við Leatherface, einn hrottagasta morðingja kvikmyndasögunnar sem leikstjórinn og Tobe Hooper og handritshöfundurinn Kim Henkel sköpuðu í myndinni *The Texas Chainsaw Massacre* árið 1974 og var þar leikinn af Gunnari Hansen. Myndin varð mjög vinsæl og gat af sér sex framhalds- og hliðarmyndir auk þeirrar sem hér kemur út en hún hefur þá sérstöðu að segja upprunasöguna, þ.e. hvernig það kom til að hinn ungi Jedidiah Sawyer (síðar Jackson) varð að ómenninu afmyndaða, Leatherface, eftir að hann slapp út af geðsjúkrahúsi ásamt þremur öðrum álíka trufluðum persónum ...

Punktur

★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter* ★★★ - *Screen*

- Einn af framleiðendum myndarinnar er Tobe Hooper sem leikstýrði *The Texas Chainsaw Massacre*, en hann lést í ágúst 2017 þegar gerð myndarinnar stóð yfir.

- Myndin gerist á rúmum 20 árum, hefst á atriðinu sem lýst er hér í innganginum og lýkur skömmu áður en atburðirnir í *The Texas Chainsaw Massacre* eiga sér stað.

- Þeir sem þekkjja myndirnar um *Leatherface* munu hér sjá ýmislegt sem tengist þeim, t.d. húsið sem morðinginn bjó í í *The Texas Chainsaw Massacre* en það var endurbýgt fyrir gerð þessarar myndar.



Stephen Dorff leikur lögreglumanninn Hal Hartman sem er staðráðinn í að handsama Jedidiah og koma honum á geðsjúkrahúsið áður en eitthvað verulega slæmt gerist.



Aðalhl.: Stephen Dorff, Lili Taylor, Sam Strike og Vanessa Grasse **Leikstj.:** A. Bustillo og J. Maury **Útg.:** Myndform

Tryllir

8. mars

Alvin!!! og íkornarnir

Stórskemmtileg teiknimyndasýrpa um ævintýri sex eldförugra íkornabarna sem eru stöðugt að lenda í alls konar ævintýrum og óvæntum uppákomum, uppeldisföður þeirra, Davíð, oftast en ekki til mikillar mæðu.


Þessir þættir komu fyrst út í mars 2015 og slógu þegar í gegn á bandarísku og frönsku Nickelodeon-sjónvarpsstöðvunum. Í framhaldinu hafa þeir verið sýndir víða og alls staðar verið vel tekið. Hér segir frá hinum ókvænta Davíð sem tekið hefur að sér að ala upp sex íkornakrakka, þrjár stráka og þrjár stelpur. Það gengur því að sjálfsögðu mikið á á heimilinu því íkornakrakkarnir eru hugmyndaríkir með eindæmum og óhræddir við að feta nýjar slóðir í hverju því sem þeir taka sér fyrir hendur. En stundum þrýtur Davíð þolinmæðina og þegar það gerist kallar hann yfir sig: „ALVINNN!!!“



Teiknimynd með íslensku tali um sex íkornakrakka og ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

8. mars



Sum mál verður að leysa

Þegar lögreglumennirnir Carl Mørck og Assad sem vinna hjá Q-deild dönsku lögreglunnar við að flokka gömul óleyst sakamál uppgötva að tengsl eru á milli nokkurra mannhvarfa sem áttu sér stað fyrir tuttugu árum ákveða þeir að rannsaka málið. Ekki líður á löngu uns sú rannsókn snýst upp í æsispennandi kapphlaup við tímann því í ljós kemur að sá sem ber ábyrgð á mannhvörfunum er aldeilis ekki hættur að losa sig við vitni.

Skýrsla 64 er gerð eftir fjórðu bók danska rithöfundarins Jussi Adler-Olsens um þá Carl Mørck og Assad hjá Q-deildinni en fyrstu þrjár bækurnar, *Konan í búrinu*, *Veidimennirnir* og *Flöskuskeyti frá P*, hafa allar verið kvikmyndaðar og notið mikilla vinsælda enda frábærar myndir og sérlega kraftmiklar sakamálasögur. *Skýrsla 64* gefur fyrri myndunum ekkert eftir nema síður sé en hún er í leikstjórn hins virta og margverðlaunaða leikstjóra Christoffers Boe sem gerði meðal annars myndirnar *Reconstruction*, *Beast*, *Allegro* og sjónvarpsþættina *Kriger*.

Punktur

- *Skýrsla 64* var frumsýnd í heimalandinu Danmörku í byrjun október og setti aðsóknarmet þegar meira en 215 þúsund manns sáu hana í kvikmyndahúsum í opnarvikunni. Myndin hefur einnig hlotið afar góða dóma gagnrýnenda og er af mörgum þeirra, svo og almennum áhorfendum, talin besta myndin til þessa af þeim fjórum sem gerðar hafa verið um Carl Mørck og Assad í deild Q.




Sem fyrr eru það Nikolaj Lie Kaas og Fares Fares sem leika þá Carl Mørck og Assad í Q-deildinni.

Aðalhlutv.: Nikolaj Lie Kaas, Fares Fares, Nicolas Bro og Johanne Louise Schmidt **Leikstj.:** Christoffer Boe **Útg.:** Sena

Sakamálasaga

14. mars



Síðustu ár Oscars Wilde

Þeir sem kunna að meta sannsögulegar myndir ættu alls ekki að missa af þessari áhrifaríku snilldarmynd þar sem Rupert Everett fer algerlega á kostum í hlutverki írska ljóð- og leikskáldsins Oscars Wilde.

Það er óhætt að segja að skin og skúrir hafi skipst á lífi Oscars Wilde (1854–1900) sem fór úr því að vera eitt dádasta og vinsælasta skáld Bretlands á seinni hluta 19. aldar í að vera dæmdur til tveggja ára þrælkunarvinnu fyrir samkynhneigð sína árið 1895. Í þessari mynd er sjónum beint að síðustu árunum í lífi hans, aðdraganda þess að hann var dæmdur í fangelsi, vistinni þar og síðan árunum þremur sem hann lifði eftir það í útlegð í Frakklandi ...

Punktur

★★★★1/2 - *B. Globe* ★★★★★ - *L.A. Times*
 ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The Guardian*
 ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *N.Y. Magazine*

- Fyrir utan að sýna frábæran leik í aðalhlutverkinu er þetta fyrsta myndin sem Rupert Everett leikstýrir og skrifar og hefur honum tekist óaðfinnanlega upp á því sviði líka.

Aðalhlutverk: Rupert Everett, Colin Firth, Colin Morgan, Edwin Thomas, Emily Watson and Tom Wilkinson
Leikstjórn: Rupert Everett **Útgefandi:** Sena



Leik- og vinkonurnar Saoirse Ronan og Salma Hayek sóttu tískusýningu á vegum Gucci á tískuvikunni í Mílanó á dögunum og létu smella þessari mynd af sér við það tilefni.

Sannsögulegt

14. mars



Trúðu þínum eigin augum



Þegar hin unga og móðurlausa Clara fær jólagjöfina frá guðföður sínum Drosselmeyer grunar hana ekki að gjöfin muni leiða hana á vit stórkostlegra ævintýra í fjórum hliðarheimum, Snjókornalandi, Blómalandi, Sælgætislandi og svo fjórða landinu þar sem hin illa „rauða móðir“ hefur öll völd.

The Nutcracker and the Four Realms sækir efniviðinn í bókina *Hnotubrjóturinn* og *músakóngurinn* (*Nussknacker und Mausekönig*) eftir þýska rithöfundinn E. T. A. Hoffmann sem skrifaði hana árið 1816. Sagan var síðan endurskrifuð af Alexandre Dumas árið 1844 og það var einmitt eftir þeirri útgáfu, tæplega hálfri öld síðar, sem þeir Marius Petipa og Lev Ivanov sömdu ballettinn *Hnotubrjótinn*, við tónlist Tsjajkovskíjs. Hér hefur þessi saga verið uppfærð af Disney og útkoman er stórbrotið, litríkt og fjörukt ævintýri með blöndu af leiknum og teiknuðum atriðum ...

Punktur

★★★★1/2 - *Washington Post* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *The Seattle Times* ★★★★★ - *IGN*

- *Hnotubrjóturinn* er eins og flestir vita einhver frægasti og mest uppsetti ballett allra tíma og um leið einhver vinsælasta jólasaga sem skrifuð hefur verið enda er ballettinn ætíð sýndur í kringum jólahátíðina.

- Myndinni leikstýrðu í sameiningu þeir Lasse Hallström og Joe Johnston og fyrir utan þær þrjár leikkonur sem nefndar eru hér t.v. leika m.a. þau Morgan Freeman, Jack Whitehall, Matthew Macfadyen, Richard E. Grant, Ellie Bamber og Eugenio Derbez stór hlutverk í henni.



Aðalpersóna sögunnar, Clara, er leikin af hinni 17 ára gömlu Mackenzie Foy.



Aðalhl.: Mackenzie Foy, Keira Knightley og Helen Mirren
Leikstj.: Hallström og Johnston **Útg.:** Síminn og Vodafone

Ævintýri

14. mars

Sneið af lífinu

Joe er sextán ára sonur hjónanna Jerrys og Jeanette sem eru tiltölulega nýflutt til Great Falls í Montana. Þegar Jerry missir vinnuna tekur að hrikta í stoðum hjónabandsins og Joe lendir í því erfiða hlutverki að þurfa að velja á milli foreldra sinna.

Wildlife er fyrsta mynd leikarans Pauls Dano sem leikstjóra og þykir honum hafa tekist afar vel upp enda hefur myndin hlotið mjög góða dóma og fjölmörg verðlaun. Myndin, sem gerist í byrjun sjötta áratugar síðustu aldar, hlaut einnig tilnefningu til óháðu Spirit-verðlaunanna sem besta frumraun leikstjóra.

Punktur

★★★★★ - *N.Y. Mag.* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *R. Ebert* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Entertainm. W.* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *H. Reporter* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *Variety*

- *Wildlife* er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Richard Ford sem kom út 1990 og það voru leikstjórinn Paul Dano og sambýliskona hans, Zoe Kazan, sem skrifuðu handritið saman.

Aðalhlutverk: Carey Mulligan, Jake Gyllenhaal, Ed Oxenbould, Zoe Margaret Colletti og Bill Camp
Leikstjórn: Paul Dano **Útgefandi:** Sena



Hugh Jackman líður best uppi á sviði og fór sem fyrr létt með að heilla áhorfendur þegar hann kom fram á Brit-verðlaunahátíðinni sem haldin var í The O2 Arena í London 20. febrúar.



Drama

14. mars



Carey Mulligan leikur Jeanette og þykir sýna stórleik í hlutverkinu.



Alveg brjálaðar

Þær Donatella og Beatrice hafa verið nauðvistaðar á geðsjúkrahæli þar sem þær hittast í fyrsta sinn og verða góðar vinkonur þrátt fyrir að vera gerólíkar að upplagi og með gerólíkar sögur að baki. Dag einn gefst þeim tækifæri til að flygja af hælínu og halda á vit ævintýra ... og því tækifæri sleppa þær ekki!

Like Crazy (La pazza gioia) er eftir leikstjórnann Paolo Virzì sem samdi einnig söguuna og handritið, en Paolo er einn virtasti og mest verðlaunaði kvikmyndagerðarmaður Ítala og hafa allar hans myndir notið mikilla vinsælda allt frá þeirri fyrstu, *La bella vita*, sem hann sendi frá sér 1994. Hér býður hann upp á stórskemmtilega sögu með sætsúrum húmor að ítölskum hætti og litríkum persónum þar sem þær Valeria Bruni Tedeschi og Micaela Ramazzotti fara á kostum sem þær Donatella og Beatrice ... sem eru kannski ekki alveg eins brjálaðar og læknarnir á hælínu segja!

Punktur

- ★★★★★ - *San Francisco Chronicle* ★★★★★1/2 - *Variety*
- ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *H. Reporter*

• *La pazza gioia* sópaði til sín þrettán tilnefningum til ítölsku David di Donatello-kvikmynda-verðlaunanna 2017 og hlaut fimm þeirra, þ. á m. fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna, fyrir bestu leikstjórnina og sem besta mynd ársins 2016.



Þær Donatella og Beatrice eiga eftir að koma víða við á flóttanum og snerta tilveru marga.

• Myndin gerist að mestu í hinu sólríka Toscana-héraði sem margir Íslendingar þekkjá vel.

• Þeir sem kunna vel að meta gamansamar „feel-good“-myndir hreinlega verða að sjá þessa!



Aðalhlutverk: Valeria Bruni Tedeschi, Micaela Ramazzotti og Valentina Carnelutti **Leikstjórn:** Paolo Virzì **Útg.:** Myndform

Gamandrama

15. mars

Peningar eru ekki allt

Til að byrja með gengur Cassius Green ekki vel í nýja starfinu sem felst í símasölu á vörum fyrir stórfyrirtæki. Þá gaukar vinnufélagi hans að honum stórsnjallri símasölutækni sem á eftir að breyta öllu ... og við meinum ÖLLU!

Sorry to Bother You gerist í nokkurs konar hliðarveruleika við þann sem við þekkjum og þykir einstaklega góð og fyndin mynd auk þess sem hún inniheldur hárbeyttu þjóðfélagsádeilu þar sem áhrif peninga og græðgi eru tekin fyrir því um leið og almúgamanninum Cassius Green fer að ganga betur að selja en nokkur gat átt von á opnast honum allar dyr inn í heim hinna ríku. En það kostar líka sitt ...

Punktur


- ★★★★★ - *Boston Globe* ★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★ - *New Yorker*
- ★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Chicago Tribune*
- ★★★★1/2 - *Globe and Mail* ★★★★★1/2 - *R. Ebert* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times*
- ★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Slate*
- ★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Playlist* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times*

• Fyrir utan að fá frábæra dóma gagnrýnenda á Metacritic þar sem myndin er með 8,0 í meðaleinkunn hefur hún sópað til sín verðlaunum og viðurkönnunum á kvikmyndaáriðum.

• *Sorry to Bother You* er víða á listum yfir bestu óháðu myndir ársins 2018 (og þær myndustu) og hlaut t.d. á dögnum óháðu Spirit-verðlaunin sem besta frumraun leikstjóra. Þetta er mynd sem kvikmyndaáhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.



Tessa Thompson og LaKeith Stanfield leika hér kærustuparið Detroit og Cassius Green.



Aðalhl.: LaKeith Stanfield, Tessa Thompson, Armie Hammer og Jermaine Fowler **Leikstjórn:** Boots Riley **Útg.:** Myndform

Gamanmynd

15. mars



Peningar eru rót hins illa

Pegar þrír vinir sem eru í gönguferð í óbyggðum finna tösku sem er full af peningum ákveða þeir að slá eign sinni á þá. Hinn raunverulegi eigandi er hins vegar ekki langt undan, staðráðinn í að ná peningunum aftur úr höndum þeirra og í gang fer atburðarás sem getur ekki annað en endað illa.

Spennu- og hasarmyndin *Blood Money* er eftir leikstjórnann Lucky McKee sem á að baki nokkra hrollkalda trylla eins og *The Woods*, *The Woman* og *Red*. Hér segir hann okkur sögu af því hvernig peningar geta kallað fram allt það versta í fólki því fyrir utan að vera á flótta undan eiganda peninganna byrja þremmenningarnir að snúast hvert gegn öðru yfir skiptingu fengsins og verða þannig smám saman sjálf sínir verstu óvinir, jafnvel enn verri en maðurinn sem er á eftir þeim ...

Punktur

• *Blood Money* er að hluta til nútíma endursögn á atburðunum í hinni frægu mynd, *The Treasure of the Sierra Madre*, sem var ein besta bandaríska mynd ársins 1948.



Ellar Coltrane og John Cusack í hlutverkum sínum í *Blood Money*.



Aðalhl.: John Cusack, Ellar Coltrane, Ned Bellamy og Willa Fitzgerald **Leikstjórn:** Lucky McKee **Útgef.:** Myndform

Spennumynd

15. mars



Ævintýri í Ástralíu

Teiknimyndirnar um kóalabjörninn Billa Blikk og féлага eru byggðar á bókum eftir nýsjá-lenska rithöfundinn Dorothy Wall, en þær komu út á árunum 1933 til 1937 og hafa allar götur síðan notið vinsælda víða um heim.

Fyrstu teiknimyndirnar um Billa Blikk voru gerðar upp úr 1990 og leiddu til tölvuteiknaðrar bíomýndar sem var frumsýnd 2017 eins og margir muna vafalaust eftir. Í kjölfarið var svo gerð ný 16-mynda teiknimyndaröð um Billa og vini og ævintýri þeirra og kemur fyrri hluti hennar, þ.e. átta þættir, út á sjónvarpsleigunum 15. mars.




Teiknimyndir með íslensku tali um Billa Blikk og hina eldhressu féлага hans **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

15. mars



Skipt um skoðanir



Í ekki svo fjarlægri framtíð hefur öllum Bandaríkjamönnum verið gert skylt að skrifa undir hollustueið við forsetann, ekki síðar en á „Black Friday“ sem er dagurinn á eftir þakkargjörðardeginum. En það eru ekki allir sáttir við þennan nýja eið.

The Oath er kolsvört gamanmynd sem gerist á þakkargjörðardaginn á heimili hjónanna Chris og Kaj sem hafa boðið nokkrum fjölskyldumeðlimum í mat. Fljótlega kemur í ljós að í loftinu er talsverð pólitísk spenna því að á meðan sumir matargestanna vilja fúslega skrifa undir hollustueiðinn við forsetann eru aðrir algjörlega á móti því og telja á sér brotið með slíkri skyldu. Til orða- og skoðanaskipta kemur og smám saman hitnar svo í kolunum að allt fer í háloft með ófyrirsjáanlegum afleiðingum ...



The Oath er jafnframt fyrsta myndin sem leikarinn Ike Barinholtz skrifar og leikstýrir.



Gamanmynd

21. mars

Aðalhlutverk: Ike Barinholtz, Tiffany Haddish, Nora Dunn, Chris Ellis og Jon Barinholtz Leikstjórn Ike Barinholtz Útgefandi: Sena




Dauðinn er bara byrjunin

Megan Reed er fyrrverandi lögreglukona sem eftir að hafa misstigið sig í lífinu og verið rekin úr löggunni fær vinnu í líkhúsi. Á sinni fyrstu næturvakt tekur hún á móti líki ungrar stúlkunna sem er vægast sagt afmyndað. Lögreglukonan kemur upp í Megan sem langar að vita hvað kom fyrir stúlkuna ... og á eftir að komast að því!

Þeir sem kunna að meta alvöruþrylla og verulega hrollvekjandi atburðarás ættu að kíkja á þessa nýjustu mynd hollenska leikstjórans Diederiks Van Rooijen sem þykir með betri myndum síðasta árs í sínum flokki.

Í ljós kemur að líkið er af Hönnuh Grace sem lést þegar verið var að særa úr henni illan anda. Enginn gerir sér þó grein fyrir að þótt líkami hennar hafi gefist upp og dáði er andinn illi enn í líki hennar og þarf nú að finna sér aðra bólfestu. Framundan er því nótt þar sem Megan Reed þarf að sýna hvað í sér býr ...



Lögreglukonan fyrrverandi er leikin af Shay Mitchell sem þykir frábær í hlutverkinu.



Hrollvekja

21. mars

Aðalhlutverk: Shay Mitchell, Kirby Johnson, Stana Katic, Grey Damon og Nick Thune Leikstjórn Diederik Van Rooijen Útgefandi: Sena



Leikkonurnar Tiffany Haddish, Zendaya og Olivia Munn skórtuðu sínu finasta í árlegu boði Vanity Fair og Lancôme 21. febrúar þar sem ýmsar konur í Hollywood voru heiðraðar fyrir framlag sitt til lista og menningar.

Þau Alexander Skarsgård og Keira Knightley gáfu hvort öðru sannkallað sparibros þar sem þau sóttu forsyningu myndarinnar *The Aftermath* í London 18. febrúar en í henni leika þau fólk sem dregst inn í forboðið ástarsamband.

Þarna glittir í Russell Crowe í gervi Rogers E. Ailes, fyrrverandi stjórnarformanns Fox-sjónvarpsstöðvanna, í nýrri þáttaröð sem verið er að gera um hann, en Roger, sem lést 2017, var einnig mikill stuðningsmaður Donalds Trump.

Er þetta himnaríki?

Pau John og Ella, sem eru á áttæðisaldri og eiga gullbrúðkaup að baki, glíma bæði við alvarlega og ólæknandi sjúkdóma því hann er kominn með Alzheimer með tilheyrandi minnisglöppum og hún er með krabbamein og hefur hætt að þiggja meðferð við því. En þau eiga eitt ævintýri eftir.

The Leisure Seeker er ljúf, rómantísk og hlý mynd sem margir kunna áreiðanlega að meta og ekki skemmir fyrir að í aðalhlutverkum eru stóruleikararnir Donald Sutherland og Helen Mirren sem hér leika hvort á móti öðru í annað sinn á ferlinum. Í stað þess að sitja heima og bíða eftir endalokunum ákveða þau hjónin að skella sér í sína síðustu ferð á húsbílnum sínum, *The Leisure Seeker*, alla leið frá heimili sínu í Massachusetts til Key West í Flórída þar sem Ernest Hemingway bjó. Á því langa ferðalagi lenda þau síðan að sjálfsögðu í hinum kostulegustu ævintýrum

Punktur

★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *CineVue* ★★★ - *Guardian* ★★★ - *V. Voice*

- Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Michaels Zadoorian sem kom út árið 2009.

- *The Leisure Seeker* er fyrsta myndin sem ítalski leikstjórinn Paolo Virzì gerir á ensku, en Paolo á aðra mynd í blaðinu að þessu sinni, myndina *Like Crazy (La pazza gioia)* sem lesa má um hér í opnunni á undan.

- *The Leisure Seeker* hefur hlotið mörg verðlaun og viðurkenningar og var Helen Mirren t.d. tilnefnd í þrettánda sinn til Golden Globe-verðlaunanna í fyrra fyrir leik sinn í henni.



Helen Mirren og Donald Sutherland leika hjónin Ellu og John í *The Leisure Seeker*.



Aðalhl.: Helen Mirren, Donald Sutherland, Christian McKay og Janel Moloney **Leikstj.:** Paolo Virzì **Útg.:** Myndform

Gamandrama

22. mars

Kötturinn og kakkalakkarnir

Kötturinn Oggy er alveg einstaklega uppátækjasamur og víðförull en glímir við það vandamál að honum fylgja þrír kakkalakkur sem eiga það til að gera honum lífið leitt.

Teiknimyndirnar um Oggy og kakkalakkana eru eftir þá Jean-Yves Raimbaud og Marc Du Pontavice og hófu göngu sína í sjónvarpi árið 1998. Þetta eru 10 mínútna eldfjörugir þættir þar sem Oggy lendir í ótrúlegustu ævintýrum ásamt félögum sínum sem eru hver öðrum litríkari auk þess sem kakkalakkarnir þrír eru aldrei langt undan. Þættirnir innihalda ekkert talmál en mjög fyndin leikhljóð sem allir skilja.



Teiknimyndasýrpa þar sem Oggy og félagar fara á kostum í mörgum ævintýrum **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

22. mars

Réttlætið er ekki alltaf réttlátt

Eftir að hafa setið í fangelsi fyrir manndráp er hinni rúmlega fertugu Beth sleppt á skilorði vegna góðrar hegðunar. Hana langar til að endurheimta líf sitt, þ.m.t. forræði yfir syni sínum sem komið var í fóstur hjá systur hennar þegar hún fór í fangelsi, en það á eftir að reynast henni þrautin þyngrri.

Who We Are Now er gríðarlega sterk og áhrifarík mynd sem við mælum eindregið með við fólk sem kann að meta raunsannar myndir úr bláköldum veruleikanum. Ekki skemmir fyrir að hún þykir afburðavel leikin í alla staði og þykir mörgum að þær Julianne Nicholson og Emma Roberts hefðu hiklaust átt skilið Golden Globe- og Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir frammistöðuna í tveimur stærstu hlutverkunum. Aðrir leikarar gefa þeim lítið eftir auk þess sem handritið, leikstjórnin og öll vinnsla myndarinnar og sviðsetning er í hæsta gæðaflokki.

Punktur

- ★★★★1/2 - IndieWire ★★★★★1/2 - Variety ★★★★★1/2 - N.Y. Times
- ★★★★ - L.A. Times ★★★★★1/2 - Village Voice ★★★★★1/2 - H. Reporter

- Þótt helsta söguefni myndarinnar sé forræðisbarátta Beth má segja að hér séu í raun sagðar tvær sögur, annars vegar af Beth og hins vegar af lögfræðingi hennar Jess og hennar baráttu. Þessar tvær sögur renna síðan saman í eina mjög sterka heild.

- Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Matthew Newton, sendi síðast frá sér hina áhrifaríku mynd *From Nowhere* sem margir gagnrýnendur tilnefndu sem eina af bestu myndum ársins 2016.



Julianne Nicholson leikur Beth sem er nýsloppin úr fangelsi og þráir að fá forræðið yfir syni sínum.



VOD 9 @! 101 min

Aðalhl.: Julianne Nicholson, Zachary Quinto, Jason Biggs og Emma Roberts **Leikstjórn:** Matthew Newton **Útg.:** Myndform

Drama **22. mars**



Jennifer Lopez og sambýlismaður hennar, Alex Rodriguez, spásæra í rólegheitum um Miami-borg á Flórída 15. febrúar þar sem Jennifer kom fram á góðgerðartónleikum daginn eftir.



Tom Sturridge og Jake Gyllenhaal voru í New York á dögnum þar sem þeir léku hvor sitt aðalhlutverkið í mónólógnum *Sea Wall* og *A Life* sem sýndir voru samhliða í The Public Theater.



Á meðan tók Mark Wahlberg þátt í svokölluðum Pro Am-hluta Genesis Open í Los Angeles og sýndi þessi eðlilegu viðbrögð þegar hann rétt klikkaði á einu þúttinu.

Örlög eins eru örlög allra

Þegar galdramaðurinn og ógnvaldurinn Gellert Grindelwald sleppur úr haldi og byrjar að safna liði til að geta komið valdasjúkum áformum sínum í framkvæmd fær Albus Dumbledore Newt Scamander til að fara í málið ásamt vinum sínum því fyrirætlanir Gellerts verður að stöðva – hvað sem það kostar.

Önnur myndin í *Fantastic Beasts*-myndaflökknum, sem er eins og flestir vita höfundarverk rithöfundarins J. K. Rowling sem samdi *Harry Potter*-bækurnar, kemur á sjónvarpsleigurnar 25. mars. Þessi nýja mynd gerist nokkrum árum eftir atburði fyrstu myndarinnar sem kom út fyrir tveimur árum og við hittum á ný allar helstu persónur hennar auk margra nýrra, bæði bandamenn Albusar og Newts Scamander svo og þá sem fylgja Gellert Grindelwald að málum, en hann ætlar sér ekki bara yfirráð yfir veröld galdranna heldur einnig yfir veröld manna. Línur eru dregnar á milli þessara andstæðu fylkinga en það er ekki fyrr en valdabaráttan hefst fyrir alvöru sem í ljós kemur hverjum er hægt að treysta og hverjum ekki ...



**Fantastic Beasts:
The Crimes of Grindelwald**

Ævintýri / Galdrar



Aðalhlutverk: Eddie Redmayne, Katherine Waterston, Dan Fogler, Johnny Depp, Jude Law, Alison Sudol, Ezra Miller, Zoë Kravitz, Ingvar Eggert Sigurðsson og Callum Turner **Leikstjórn:** David Yates **Útgefendur:** Síminn og Vodafone

25. mars



Johnny Depp í hlutverki sínu sem ógnvaldurinn Gellert Grindelwald.

Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í kynningunni leika þeir Ólafur Darri Ólafsson og Ingvar Eggert Sigurðsson í myndinni, en sá fyrrnefndi talaði einmitt fyrir eina af persónum *Harry Potter*-myndanna í íslensku talsetningunni á sínum tíma. Fyrir hvern talaði hann?



Hagrita



Katherine Waterston og Eddie Redmayne leika á ný þau Tinu Goldstein og Newt Scamander sem nú þurfa að taka á öllu sem þau eiga.

Punktur


★★★★★ - *Total Film* ★★★★★1/2 - *Screen Intern.* ★★★★★ - *IGN*
★★★★★ - *H. Reporter* ★★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *New York Post*
★★★★1/2 - *The Playlist* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *Variety*

• Eins og margir vita eigum við Íslendingar dálítið í þessari mynd því þeir Ólafur Darri Ólafsson og Ingvar Eggert Sigurðsson leika í henni nokkuð veigamiklar persónur sem heita Skender og Grimmson.

• Eins og í fyrstu myndinni er það David Yates sem leikstýrir en hann leikstýrði einnig *Harry Potter*-myndunum *Order of the Phoenix*, *The Half-Blood Prince* og *Deathly Hallows 1* og *2*. David mun einnig leikstýra næstu þremur *Fantastic Beasts*-myndunum sem áætlað er að komi út á tveggja ára fresti héðan í frá, þ.e. 2021, 2023 og 2025.



Jude Law leikur Albus Dumbledore, læriföður Newts Scamander.



Vörn í sókn

Þrjár konur sem eiga það sameiginlegt að hafa orðið ekkjur þegar eiginmenn þeirra voru drepnir við ránstílaun sjá sæng sína uppreidda þegar glæpaforinginn Jamal Manning krefur þær um milljónir dollara sem hann segir að eiginmenn þeirra hafi skuldað sér. En í stað þess að leggja árar í bát og verða við kröfum Jamals ákveða konurnar að snúa vörn í sókn með aðstoð fjórðu konunnar sem einnig skuldar Jamal fúlgur fjár.

Widows er fjórða bíómynd hins virta leikstjóra og handritshöfundar Steves McQueen sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrir mynd sína *12 Years a Slave* árið 2014 eftir að hafa gert hinar rómuðu og margverðlaunuðu myndir *Hunger* (2008) og *Shame* (2011). Í þetta sinn sækir hann efniviðinn í samnefnda sex-þátta sjónvarpsmynd frá árinu 1983 og hefur eins og áður fengið í lið með sér stóran hóp gæðaleikara sem fara allir sem einn á kostum. Þetta er mynd sem enginn sannur kvikmyndaunnandi ætti að láta fram hjá sér fara.



Konurnar fjórar sem ákveða að taka málin í sínar hendur þegar eiginmenn þeirra skilja þær eftir stórskuldugar eru leiknar af þeim Elizabeth Debicki, Viola Davis, Michelle Rodriguez og Cynthia Erivo.


Widows

Spennudrama / Hasar



Aðalhlutverk: Viola Davis, Michelle Rodriguez, Elizabeth Debicki, Liam Neeson, Colin Farrell, Robert Duvall, Cynthia Erivo, Brian Tyree Henry og Daniel Kaluuya **Leikstjórn:** Steve McQueen **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

28. mars



Colin Farrell leikur stjórnámamanninn Jack Mulligan í *Widows*.

Veistu svarið?

Handrit myndarinnar er skrifað í sameiningu af leikstjóranum Steve McQueen og rithöfundinum Gillian Flynn, en Gillian á m.a. að baki tvær skáldsögur sem voru kvikmyndaðar árin 2014 og 2015. Hvaða skáldsögur?



Gone Girl og Dark Places.


Punktur

- ★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - Time Out ★★★★★ - CineVue
- ★★★★1/2 - IndieWire ★★★★★1/2 - L.A. Times ★★★★★1/2 - Screen
- ★★★★1/2 - The Hollywood Reporter ★★★★★1/2 - Vanity Fair
- ★★★★1/2 - Guardian ★★★★★1/2 - The Playlist ★★★★★1/2 - Variety

• *Widows* hefur verið hlaðin lofi gagnrýnenda jafnt sem áhorfenda. Hún er með 8,4 í meðaleinkunn á Metacritic, 9,1 á Rotten Tomatoes og 7,1 frá rúmlega 41 þúsund notendum IMDb.com.



Þeir Daniel Kaluuya og Brian Tyree Henry leika glæpamennina Jatemme og Jamal sem ætla sér að innheimta skuld kvennanna.



Second Act

Rómantísk gamanmynd



Aðalhlutverk: Jennifer Lopez, Leah Remini, Milo Ventimiglia, Vanessa Hudgens, Freddie Stroma, Treat Williams, Dave Foley, Annaleigh Ashford, Larry Miller og Dan Bucatinsky **Leikstjórn:** Peter Segal **Útgefandi:** Myndform

28. mars



Vanessa Hudgens leikur stórt hlutverk í myndinni.

Veistu svarið?

Treat Williams, sem leikur yfirmann Mayu hjá fjármálafyrirtækinu, á rúmlega fjörutíu ára leikferil að baki. Fullyrða má að hann hafi fyrst slegið í gegn í aðalhlutverki frægrar myndar sem var leikstýrt af Milos Forman árið 1979. Hvaða mynd var það?



Hair

Gríptu tækifærið!

Maya er komin á fimmtugsaldur og er föst í láglaunavinnu í stórmarkaði enda hefur hún hvorki menntun né reynslu til að geta sótt um betur launuð störf og finnst eins og hún sé í blindgötu með líf sitt. Dag einn breytist allt þegar einkarekið fjármálafyrirtæki býður henni fyrir misskilning hálaunað starf.

Reyndar er ekki um alveg tóman misskilning að ræða því eiginmaður bestu vinkonu Mayu hafði tekið upp á því að falska bæði ferilskrá hennar og samfélagsvefi auk þess að sækja um vinnuna fyrir hana. Maya veit því ekki hvaðan á sig stendur veðrið þegar hún er kölluð í viðtal en ákveður að láta reyna á svindlið þegar á hólminn er komið. Eins og gefur að skilja lendir hún fljótlega í miklum vandræðum í starfinu enda eru miklar kröfur gerðar til hennar, kröfur sem hún í fyrstu hefur ekki hugmynd um hvernig á að mæta. En eftir því sem mótlætið verður meira því ákveðnari verður Maya að leggja ekki árar í bát, ná tökum á starfinu og sýna um leið hvað í henni býr ...



Leah Remini leikur vinnufélaga og besta vin Mayu og hvetur hana til að grípa tækifærið sem gefst þegar henni er fyrir misskilning (og falsaða ferilskrá) boðin hálaunuð staða hjá fjárfestingarfyrirtæki.

Punktur

★★★★1/2 - *Globe and Mail* ★★★★★1/2 - *Entertainment Weekly*
★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★ - *The Telegraph* ★★★★★ - *Empire*

- Leikstjóri myndarinnar, Peter Segal á margar góðar og vinsælar myndir að baki, m.a. grínmyndirnar *Tommy Boy*, *50 First Dates*, *Anger Management*, *The Longest Yard*, *Get Smart* og *Grudge Match*.
- Verslunin sem þær May og Joan vinna í er útibú Food Bazaar Supermarket á Long Island. Var sú leið farin að taka upp atriðin sem gerast þar á venjulegum verslunartíma þannig að margar bakgrunnspersónurnar eru í raun bara venjulegt fólk að versla.



Milo Ventimiglia leikur eiginmann Mayu sem styður hana, sama hvað.



Allt byrjar á einni hugmynd

Arkitektinn Henry Herschel verður fyrir gríðarlegu áfalli þegar eiginkona hans, Penny, lætur lífið í bílslysi. Eftir að hafa púslað sér saman á ný ákveður hann að leggja allt sitt í að verða við síðustu ósk Pennyar ... að aðstoða heimilislausa stúlku við að byggja sér fleka til að sigla á yfir Atlantshafið.

The Book of Love er ljúfsár mynd um viljann til að lifa áfram eftir að hafa misst sinn helsta ástvin og finna á ný einhvern tilgang með lífinu. Áður en Penny dó hafði hún tekið eftir ungri heimilislausri stúlku sem átti það til að koma í hverfið þeirra og róta í ruslinu, ekki eftir mat heldur í leit að alls konar spýtna og járnafgöngum. Penny vakti athygli Henrys á þessari hegðun stúlkunnar og lét hann lofa sér því að komast að því hvað hún væri eiginlega að gera og aðstoða hana ef hann gæti. Það er einmitt þessi ósk sem Henry ákveður að uppfylla og ekki nóg með það heldur býður hann ungu stúlkunni að búa hjá sér á meðan hann aðstoðar hana við að smíða flekann ... sem hún ætlar svo að nota til að sigla á yfir Atlantshafið.

Punktur

- *The Book of Love* er fyrsta myndin sem leikstjórinn Bill Purple leikstýrir upp á eigin spýtur en hann hefur verið aðstoðarleikstjóri til margra ára og vann sem slíkur t.d. að myndunum *We Were Soldiers*, *The Pursuit of Happiness*, *Gone Baby Gone*, *Pineapple Express* og *Tropic Thunder*.



Jason Sudeikis og Jessica Biel leika hjónin Henry og Penny Herschel í þessari ljúfu og hjartaríku mynd.

- Tónlistin í myndinni er eftir Justin Timberlake og er þetta í fyrsta sinn sem hann tekur að sér slíkt verkefni.



Aðalhlutverk: Jason Sudeikis, Maisie Williams, Jessica Biel og Mary Steenburgen **Leikstjórn:** Bill Purple **Útg.:** Myndform

Gamandrama

29. mars



Hvað kostar lífið?

Þegar Monica kemst að því að læknar telja dóttur hennar dauðvona grípur hún til ýtrustu úrræða til að bjarga lífi hennar.

Spánverjar hafa löngum kunnað að búa til ráðgátutrylla sem notið hafa vinsælda og má þar nefna myndir eins og *Los ojos de Julia*, *El Orfanato*, *Abre los ojos (Vanilla Sky)*, *The Others* og margar fleiri. *El pacto* er af þessum meiði og býður áhorfendum á ókunnar slóðir í mannlegri tilveru sem best er að vita sem minnst um áður en þeir horfa á myndina ...

Punktur

- *El pacto* er fyrsta bíómynd spænska leikstjórans Davids Victori en hann hafði áður sent frá sér nokkrar verðlaunastuttmyndir sem gerðu það gott á kvikmyndahátíðum.

- Aðalleikkona myndarinnar, Belén Rueda, er einnig margverðlaunuð og ætti kvikmynda-áhugafólk að kannast við hana úr t.d. myndum eins og *El orfanato (The Orphanage)* eftir J.A. Bayona, *Los ojos de Julia* eftir Guillem Morales og *Mar adentro (The Sea Inside)* eftir Alejandro Amenábar, en fyrir leik sinn í henni hlaut Belén spænsku Goya-kvikmyndaverðlaunin.

Aðalhlutverk: Belén Rueda, Mireia Oriol, Darío Grandinetti, Antonio Durán, Carlus Fàbrega og Sebastian Montecino **Leikstjórn:** David Victori **Útgefandi:** Sena



Þetta er engin önnur en Drew Barrymore sem þarna er í hlutverki sínu í nýjustu mynd leikstjórans Jamie Babbit, *The Stand-In*. Þetta atriði var tekið upp í New York 16. febrúar.



Tryllir

28. mars





Það verður bara ein sýning

Brothætt samband hjónanna Lulu og Shane Danger klofnar í tvennt þegar dularfull persóna úr fortíð Lulu kemur til bæjarins til að halda eina sýningu á einhverju sem enginn nema hann veit hvað er – og kannski Lulu.

Grín- og glæpafarsinn *An Evening with Beverly Luff Linn* fjallar um vægast sagt stórfurðulegar persónur sem taka upp á stórfurðulegum hlutum af stórfurðulegum ástæðum. Eins og það hafi ekki verið nógu slæmt þegar Shane rak Lulu úr vinnu í stað ónytjunganna tveggja sem enn vinna hjá honum þá versnar staða hennar verulega þegar Beverly Luff Linn mætir á svæðið, en hann er sennilega gamall elskhugi hennar. Hún afræður því að ráða vonlausan leigumorðingja að nafni Colin til að leigja með sér herbergi á hótelinu sem Beverly er á með það að markmiði að senda hann yfir móðuna miklu áður en eitthvað fer illa úrskeiðis ...

Punktur

★★★★1/2 - *Austin Chronicle* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The Guardian*
 ★★★★★1/2 - *IndieWire* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *Variety*

• Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Jim Hoskins, sendi síðast frá sér hina makalaus mynd *The Greasy Strangler* sem mörgum þótti fyndnasta mynd ársins 2016, en hún kom einmitt út á sjónvarpsleigunum í febrúar 2017. Ef þú kunnir að meta hún er þar sem boðið upp á þá muntu kunna að meta *An Evening with Beverly Luff Linn*.



Aubrey Plaza og Jemaine Clement eru hér í hlutverkum hinna furðulegu Lulu og Colin.

• Húmor eins og hér þar sem stigið er talsvert út fyrir strikin móðgar suma á meðan aðrir geta hlegið sig máttlausu að vitleysunni. Hvað með þig?



Aðalhl.: Aubrey Plaza, Jemaine Clement, Emile Hirsch og Craig Robinson **Leikstj.:** Jim Hosking **Útg.:** Myndform

Gamanmynd/farsi

29. mars



Tappi mús

Tölvuteiknuðu þættirnir um Tappa mús eru 8 mínútur á lengd og inniheldur hver þáttur sjálfstæða sögu um ævintýri hans og þeirra sem hann þekkir.

Þessar skemmtilegu teiknimyndir eru byggðar á barnabókum eftir ítalska höfundinn Andrea Dami með teikningum eftir Marco Campanella en þær hafa verið þýddar á meira en 30 tungumál á undanförunum árum. Hver einasti dagur ber í skauti sér ný tækifæri fyrir Tappa til að kanna veröldina og undrin sem í henni leynast ásamt fjölskyldu sinni og vinahóp þar sem kætin og gleðin ræður ætíð för.



Teiknimyndir um Tappa mús, fjölskyldu hans og dagleg ævintýri þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

29. mars



Toppmyndir



Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



Lof mér að falla

Lof mér að falla eftir leikstjórnann Baldvin Z, sem skrifaði einnig handritið ásamt Birgi Erni Steinarsyni, hefur hlotið einróma lof allra sem séð hafa enda afar vel gerð og leikin í alla staði og svo áhrifarík að bæði sagan og persónur hennar lifa með áhorfendum löngu eftir að myndinni lýkur.

Sannsóöglegt 14



Smáfötur

Teiknimyndin *Smáfötur* er byggð á myndasögunni *Yeti Tracks* eftir Sergio Pablos, þeim sama og skapaði sögunnar um hinn önunga en stórsnjalla Gru og litlu gulu skósvéinana. Hér segir frá snjómanninum Mígo sem heldur frá heimkynnum sínum til byggða til að skoða hina skritnu dýrategund, manninn!

Teiknimynd 12



Bad Times at the El Royale

Sjö gerólikir einstaklingar, sem allir hafa einhverju að leyna, hittast á El Royale-hótelinu við Tahoe-vatn þar sem skuggaleg fortíðin svífur yfir vötnum. Á einum sólarhring fær allt þetta fólk tækifæri til að gera yfirbót – áður en allt fer til helvítis. Þrælgóð sakamála- og fléttumynd sem kemur verulega á óvart!

Spenna/ráðgata 16



The Girl in the Spider's Web

The Girl in the Spider's Web er gerð eftir fjórðu bókinni um þau Lisbeth Salander og Mikael Blomkvist og segir frá því þegar þau hittast á ný eftir áralangan aðskilnað og takast á við flokið glæpamál og ráðgátu þar sem miskunnarlausir morðingjar, tölvuhakkarar og spilltir út-sendarar yfirvalda koma við sögu.

Spenna/hasar 16



Goosebumps 2: Haunted ...

Þegar skólafélagarnir Sonny og Sam fá það verkefni að hreinsa drasl út úr yfirgefnum húsi finna þeir gamla kistu sem inniheldur eina af hinum mögnuðu bókum eftir R.L. Stines, en þær má ekki opna því þá sleppa skelfilegar persónur þeirra út í raunheima. En Sonny og Sam vita ekkert um það og opna bókina!

Grín/ævintýri 9



Incredibles 2

Hin ótrúlega Parr-ofurfjölskylda mætir hér til leiks á ný, rúmm þrettán árum eftir að fyrri myndin um hana kom út, en hún er af mörgum talin ein besta Pixar-myndin til þessa. Þessi nýja mynd, sem er beint framhald þeirrar fyrri og gefur henni ekkert eftir í gríni og glensí, varð ein vinsælasta mynd ársins 2018 í bíó.

Teiknimynd L



Tumi litli og galdraspelliginn

Tumi litli er fátækur bóndasonur sem dag einn fær það verkefni í hendur að bjarga konungsríkinu frá því að lenda í höndum illrar nomar. Til að geta gert það fær hann ómetanlega aðstoð frá hugrakri prinsessu, rísa, duldarfullum þjófi og ekki síst galdraspelligi sem gerir Tuma kleift að sjá inn í framtíðina. Einnig fáanleg á DVD.

Teiknimynd L



A Star Is Born

Tónlistarmaðurinn Jackson Maine má muna sinn fífil fugurri og þótt hann njóti enn hylli gamalla aðdáenda er ferill hans á fallanda fæti, ekki síst vegna óhöflegar drykkju. Þegar hann hittir hina efnilegu söngkonu Ally má segja að hann fái nýtt markmið í lífinu: Að aðstoða Ally við að ná frægð og frama.

Drama/tónlist 9



Mamma Mia! Here We Go ...

Það eru liðin rúm tju ár síðan bíómyndin *Mamma Mia!* kom út við miklar vinsældir um allan heim enda stórlega skemmtileg mynd í alla staði, fjörug og fyndin og byggð á textum nokkurra vinsælustu laga hljómsveitarinnar ABBA. Þessi nýja mynd er ekki síðri enda ein vinsælasta mynd síðasta árs í kvikmyndahúsum.

Gamanmynd/tónlist L



211

Lögregluáðurinn Mike er nýbúinn að missa eigin konu sína og því ekki upp á sitt besta þegar honum og félagan hans er falið að taka ungan mann með sér í eftirlitsferð. Áður en varir breytist verkefnið hins vegar í skotbardaga við þungvopnaða bankaræningja sem hlífa engum sem stendur í vegi þeirra.

Spenna/hasar 16



King of Thieves

Nokkrir afbrotamenn sem komnir eru af léttasta skeiði ákveða ásamt ungum félagan sínum að bjótask inn í ramngerða öryggisgeymslu í Hatton Garden í London. Ránið heppnast fullkomlega en deilir á milli þjófanna um skiptingun fengsins eiga eftir að setja strík í reikninginn. Byggt á sönnun atburðum.

Sannsóöglegt 12



Overlord

Overlord hefst á D-deginum svokallaða, 6. júní 1944, þegar Bandamenn gerðu innrás í Normandí. Dagskipun sevir fallhlífarhermanna um að gera einn af fjarskiptaturnum Þjóðverja óvirkan fer fyrir lítið þegar flugvél þeirra er sprengd í tætlur. Flestir hermennanna farast en þeirra sem lifa af biður enn erfiðari raun.

Tryllir 16



Óþekkti hermaðurinn

Óþekkti hermaðurinn er gríðarlega vel gerð og áhrifamikil mynd sem sækir efnivíðinn í eina helstu og þekktustu perlu finnskra bókmennta, stórvirkid *Tuntumaton sotilas* eftir Väinö Linna, sem kom út árið 1954 og var byggt á hans eigin reynslu af Framhaldsstríðinu sem Finnar og Rússar háðu 1941–1944.

Sannsóöglegt 16



Christopher Robin

Sögurnar um Bangsímón og vini hans í Hundraðekruskógi, og þá ekki síst vinkap hans og Christophers Robin, eru fyrir löngu orðnar sigldar. Í þessari mynd sjáum við hvað gerist þegar þeir Christopher og Bangsímón hittast á ný eftir að hafa ekki sést í meira en tvo áratugi. Hefur eitthvað breyst?

Fjölskyldumynd L



Can You Ever Forgive Me?

Rithöfundurinn Lee Israel má muna sinn fífil fugurri enda vill enginn lengur gefa út bækur hennar. Langt á eftir með leiguna og enga peninga á leiðinni dettur hún fyrir tilviljun niður á snjalla lausn – sem því niður er líka glæpur. Frábær mynd þar sem Melissa McCarthy og Richard E. Grant fara á kostum.

Sannsóöglegt 6



Time Freak

Rómantísk gamanmynd um menntaskólanemann Stíllman sem verður fyrir miklum vonbrigðum þegar kærasta hans segir honum upp. Staðráðinn í að vinna hana til baka ákveður Stíllman að smíða sér tímavél til að fara til baka, komast að því hvað fór úrskeiðis í sambandinu og laga það. Það er bara eitt vandamáll!

Rómantísk gamanmynd 6



A Private War

Mögnuð saga verðlaunablaðakonunnar Marie Colvin sem frá árinu 1985 starfaði fyrir *The Sunday Times*, lengst af við öflun fréttu frá stríðshráðum héruðum og löndum. Myndin var tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðluna, fyrir leik Rosamund Pike og fyrir titillagid sem Annie Lennox samdi og flytur.

Sannsóöglegt 16



The Hate You Give

Starr Carter er ung menntaskólalústa sem kvöld eitt verður vitni að því þegar æskuvinur hennar og skólafélagi er skotin til bana af lögreglum á þess að hafa nokkuð til saka unnið. Um leið gjörbreytt líf hennar að eilífu. Verulega góð mynd sem hefur fengið toppdóma og unnið til fjölda verðluna.

Drama 16



White Boy Rick

Sannsóögleg mynd um Richard Wershe og son hans, Richard „Rick“ yngri, sem aðeins 14 ára að aldri var farinn að vinna fyrir FBI og varð um leið yngsti upp-ljóstari sem bandaríska alríkislögreglan hefur haft á sínum snærum. Mjög góð mynd með toppleikurum um eitt ótrúlegasta mál bandarískrar réttarsögu.

Sannsóöglegt 12



The Nun

The Nun er nýjasta myndin frá hrollvekjumeistarann James Wan, en hún segir frá hinni ungu Irene sem er ásamt prestinum Burke send til Rúmeníu að rannsaka dularfullt sjálfsmorð nunnu í hinu sögufæra Cárta-nunnuklaustri í Transylvaníu. Fjótlega uppgötvu þau að þar er sannarlega ekki allt með felldu.

Tryllir/hrollvekja 16



High-Rise

Toppmynd um Robert Laing sem flytur í háhýsi þar sem séð er fyrir öllum þörfum íbúanna, þ. á m. með verslunum, heilsugæslu, banka og skóla – sem gerir það að verkum að íbúarnir þurfa ekki að fara út úr húsi fram. Í fyrstu lítur þetta vel út en eftir þriðja má líður fara margir gallar við einangrunina að koma í ljós.

Vísindaskáldsaga 16

OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku



Coke & Prince
Þjóðarréttur Íslendinga í meira en 60 ár



Devil May Cry 5

Nýjasti leikurinn í *Devil May Cry*-seríunni, en í henni snýst allt um stórbrotna bardaga sem slá út flest annað sem við höfum séð. Leikurinn inniheldur sem sagt stanslausan hasar í anda leikstjórans Hideakis Isuno og hans teymis sem kom saman aftur til að framkalla þessa miklu veislu.

Mörg ár eru liðin síðan síðasta árás úr helvíti átti sér stað, en nú eru djöflarnir farnir að láta aftur á sér kræla og eru örlög mannkyns í höndum þriggja djöflabana, sem hver fyrir sig hefur sína kosti og hæfileika. Örlögin og hefndarþorsti hafa leitt þá saman og því þurfa þeir um leið að horfast í augu við eigin djöfla ...



Tegund: Hasarleikur


Kemur út á: PS4

PEGI aldurstakmark: 18+

Útgáfudagur: 8. mars

Framleiðandi: Capcom

Útgefandi: Sena



Sekiro: Shadows Die Twice

Glænýr leikur frá FromSoftware, en þeir hafa gert leiki á borð við Bloodborne og Dark Souls-seríuna.

Í *Sekiro: Shadows Die Twice* fara leikmenn í hlutverk stríðsmanns sem hefur komist í hann krappan og við það misst aðra höndina. Markmiðið er að vernda ungan aðalsmann sem tekinn hefur verið höndum af hinni illvígu Ashina-klíku. Leikurinn gerist á 16. öld í Sengoku í Japan og þurfa leikmenn að berjast við fjölda óvina með því að nota herkænsku ninja-hermanna, alls kyns taktík og fjölbreytt vopn.



Tegund: Hasar- og hlutverkaleikur

Kemur út á: PS4

PEGI aldurstakmark: 18+

Útgáfudagur: 22. mars

Framleiðandi: Activision

Útgefandi: Sena

